

Alþingi
Erindi nr. P 127/1060
komudagur 8.3.2002

**Umsögn um tillögu til þingsálykunar um skipulagða áfallahjálp innan sveitarfélaga þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum.
þskj. 141 – 141. mál 127. löggjafarþing 2001 –2002**

Reykjavík, 8.mars 2002.

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa fagnar þeim áhuga sem flutningsmenn þingsályktunartillögunnar sýna áfallahjálp og félagslegum stuðningi í kjölfar áfalla. SÍF er sammála flutningsmönnum um að bæta þurfi þjónustu við þá sem verða fyrir áföllum í kjölfar slíkra atburða. Margt hefur verið ritað á fræðasviði félagsráðgjafar um áfallahjálp og rannsóknir á sviði áfalla (disaster research). Þó gagnlegt hefði verið að gera grein fyrir helstu niðurstöðum þeirra rannsókna þá verður slík umræða að bíða betri tíma. Það var einnig metið svo að umræða um mismunandi skilgreiningar á hugtakinu áfallahjálp væri ekki það sem kallað er eftir hér.

Í meðfylgjandi umsögn eru rædd fjögur megin atriði:

- (1) að hugsanlegt stjórnskipulag áfallahjálpar í sveitarfélögum verði að vinna í samræmi við stjórnskipulag áfallahjálpar Almannavarna ríkisins
- (2) að kannað verði meðal sveitarstjórna hvernig þær telja stjórnun áfallahjálpar best fyrir komið
- (3) að í námi félagsráðgjafa er lögð sérstök áhersla á kennslu og þjálfun í kreppu- og áfallavinnu
- (4) að félagsþjónusta sveitarfélaga gæti verið í lykilhlutverki hvað varðar eftirfylgd og langtímastuðning, sbr. dæmi frá Bretlandi.

(1) Samræming stjórnskipulags áfallahjálpar sveitarfélaga og AVRÍK

Við lestur greinargerðar sbr. þskj. 141, vekur það athygli að hvergi er minnst á þátt áfallahjálpar í skipulagi almannavarna né heldur er minnst á miðstöð áfallahjálpar á Landspítala Fossvogi, sem hefur verið starfrækt frá árinu 1995. Áfallahjálp hefur verið skilgreind sem heilbrigðisþjónusta og verið á ábyrgð heilbrigðisráðuneytis. Þá er ekki minnst á starf Rauða kross Íslands sem hefur veitt sálræna skyndihjálp, félagslegan stuðning og nú síðustu ár áfallahjálp við fjölda tilfella. Rauði krossinn hefur veitt þessa aðstoð samkvæmt samningi við Almannavarnir Ríkisins (AVRÍK) þegar um hópslys hefur verið að ræða. Þá eru ótaldir þeir sem starfa síns vegna hafa veitt sálræna skyndihjálp og sorgarstuðning, t. d. prestar. Nefnd á vegum heilbrigðisráðherra vann tillögu um samræmingu á skipulagi áfallahjálpar sbr. skýrslu nefndarinnar árið 1995. Í tillögum nefndarinnar er m.a. lögð áhersla á að einn ákveðinn aðili, verkefnisstjóri áfallahjálpar, stjórn áfallahjálparinnar á vettvangi og einnig er lögð áhersla á að mikilvægt

sé að hindra að upp komi sú staða að fleiri en eitt áfallahjálparteymi séu að störfum á vettvangi hverju sinni.

Eftir Suðurlands skjálftann sumarið 2000 var stofnsett nefnd á vegum AVRIK sem vinnur að nýju heildarskipulagi áfallahjálpar á vegum almanna. Eðlilegt verður að teljast að tekið sé mið af niðurstöðum þeirrar nefndar þegar rætt er um framtíðarskipulag áfallahjálpar á vegum sveitarfélaga.

(2) *Hvað vilja sveitarstjórnir?*

Almannavarnarskipulagið byggir sem kunnugt er á starfi almannavarnarnefnda sveitarfélaganna. Eftir áföll (þegar viðbragðsstigi er aflétt) er það sveitarfélagið sem ber ábyrgð á velferð íbúa; sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þó þar sé ekki tekið sérstaklega fram hvert hlutverk sveitarfélaga sé varðandi sorgarstuðning og eftirfylgd eftir hópshlyð og önnur áföll, þá eiga löggin að sjálfsgöngu einnig við í slíkum tilfellum. Sama má segja um hlutverk heilsugæslu og heilbrigðiskerfis, hlutverk þessara aðila er skýrt í lögum. Hvernig sveitarfélög kjósa að samræma þjónustu sína í kjölfar áfalla virðist því vera á ábyrgð sveitarstjórnar skv. núgildandi lögum. Því vaknar sú spurning hvort nauðsynlegt sé að skipa sérstaka stjórnarnefnd áfallahjálpar og hvort að skipun slíkrar nefndar muni tryggja að sú þjónusta sem kallað er eftir í greinargerð muni verða veitt í kjölfar áfalla? SÍF telur einsýnt að kanna verði hug sveitarstjórna til þess hvernig þær telja best að sinna þessu hlutverki (í samvinnu við AVRIK).

(3) *Menntun; þekking félagsráðgjafa*

Til þess að veita viðeigandi þjónustu í kjölfar áfalla er mikilvægt að hægt sé að leita til fagfólks á félags- og heilbrigðisviði sem hefur menntun á sviði áfallahjálpar auk reynslu af klíniskri ráðgjöf.

Í fjögurra ára námi félagsráðgjafa sem leiðir til löggiltra starfsréttinda hefur frá upphafi verið lögð áhersla á grunnþekkingu á áfallahjálpar og námskeiðið Kreppukenningar og áfallavinna (3e) er skyldunámskeið á lokaári.

Íslenskir félagsráðgjafar hafa starfað að áfallahjálpar frá upphafi, fyrst eftir eldgosinu í Vestmannaeyjum 1973 og síðar með áfallahjálparteymum bæði innan Landspítala og með teymi Rauða kross Íslands.

(4) *Hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga*

Í litlu landi þar sem sérþekking er takmörkuð hlýtur það að vera meginmarkmið að nýta eins og kostur er þá krafta sem fyrir hendi eru. Flest sveitarfélög hafa byggt upp félagsþjónustu og mörg hver hafa ráðið fagfólk, flest félagsráðgjafa, til starfa. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er hvergi minnst á hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga og ekki gert ráð fyrir fulltrúa hennar í stjórnarnefnd sveitarfélaga. Bretar hafa farið þá leið að fela

félagsþjónustu sveitarfélaga það hlutverk að veita eftirfylgd og stuðning í kjölfar áfalla. Þar hefur verið lögð sérstök áhersla á langtíma-eftirfylgd og að þjónustan sé í boði fyrir alla sem hafa orðið fyrir áföllum vegna atburðarins (einnig björgunarstarfsmenn og sjálfboðaliða) (Sjá t.d. Tim Newburn (1993) Disaster and After- Social Work in the

Aftermath of Disaster London: Jessica Kingsley Publishers). Ef um hópslys eða mikið manntjón er að ræða verður að teljast ólíklegt að starfsmenn heilbrigðisþjónustu geti sinnt öðru en bráðþjónustu og því er það rökrétt að leggja áherslu á að nýta sérþekkingu þeirra sem ekki þurfa að sinna starfskyldum þar. Erlendar rannsóknir á þessu sviði leggja áherslu á mikilvægi þess að samhæfa krafta ólíkra aðila s. s. opinberra stofnanna, björgunaraðila og sjálfboðaliða, bæði á forvarnarstigi og í kjölfar áfalla.

F.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa (SÍF)

Áslaug Ólafsdóttir

Áslaug Ólafsdóttir, félagsráðgjafi geðdeild Landspítala háskólasjúkrahús

Guðný Björk Eydal

Guðný Björk Eydal, lektor í félagsráðgjöf H.Í.

Sigurveig H. Sigurðardóttir

Sigurveig H. Sigurðardóttir, framkvstj. Reykjavíkurseild Rauða kross Íslands